

Sveitarstjórn Borgarbyggðar - 274 : 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026

Til : Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Frá : Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>
CC : Lilja B. Ágústsdóttir <Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is>
Heiti : Sveitarstjórn Borgarbyggðar - 274 : 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
Málsnúmer : 2604008
Málsaðili : Borgarbyggð
Skráð dags : 23.02.2026 12:04:56
Höfundur : Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Heill og sæll Jón

Meðfylgjandi er viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026 sem samþykktur var á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar nr. 274. Kem honum hér með á framfæri.

2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026

Á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 732 var samþykkt tillaga um hækkun á rekstraráætlun um 300.000 kr. vegna raflýsingar til Einkunna. Einnig var samþykkt hækkun á framkvæmdaáætlun um 1.200.000 kr. uppsetningar á biðskýli á Hvanneyri.

Á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 734 var samþykkt tillaga að viðauka við fjárfestingaráætlun um hækkun fyrir samtals 96 m.kr. vegna GBF á Kleppjárnsreykjum (40 m.kr.), rennibraut við sundlaugina í Borgarnesi (50 m.kr.) og framkvæmdar við Kveldúlfshöfða/Fjóluklett (6 m.kr.) Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samtals er því um að ræða hækkun á fjárfestingarramma um 97,2 m.kr. og á rekstrarkostnaði um 300 þúsund kr.

Sveitarstjórn samþykkir að til móts við hækkun á fjárfestingarramma verði rammi vegna uppbyggingar í Brákarey lækkaður úr 150 m.kr. í 50 m.kr. eða um samtals 100 m.kr. Nú er hafin vinna í samstarfi við ráðgjafa frá PwC sem vonandi leiðir til samningsgerðar við bæði fjárfesta og lóðarhafa í Brákarey. Í þeirri vinnu er unnið út frá því að ekki falli beinn kostnaður á sveitarfélagið nema tryggt sé endurgjald til sveitarfélagsins. Það er því ástæða til að lækka ramma vegna hreinnar fjárfestingar sveitarfélagsins í Brákarey sem þessu nemur. Hrein áhrif á fjárfestingarramma 2026 eru því samtals til lækkunar um 2,8 m.kr. en áhrif á rekstur til lækkunar um 300 þúsund krónur.

Samþykkt samhljóða

Kær kveðja



Bestu kveðjur / Best regards

Stefán Broddi Guðjónsson
Sveitarstjóri Borgarbyggðar
+354 433-7100

+354 856-6959

stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is
www.facebook.com/borgarbyggd

-

www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari

Um ábyrgð á tölvupósti Þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður til og gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti þessum og viðhengjum skal fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá þau hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist sér. Brot gegn þessu kann að varða stjórnvaldssekt, skv. m. lið, 1. mgr. 103. gr. og refsingu skv. 104. gr. laganna Email Disclaimer Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way.